

Sandgerðisbær
Jón Ben Einarsson
Skipulagsfulltrúi
Miðnestorgi 3
245 Sandgerði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. mars 2015
UST201503-057/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sandgerðisbæjar er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024.

Í lýsingu kemur fram að í breytingartillögunni felst að gert er ráð fyrir afmörkun 0,5 ha iðnaðarsvæðis við Djúpavík þar sem áformað er að byggja 200 m² skólphreinsistöð ásamt tengdum mannvirkjum. Svæðið er í dag skilgreint sem opið svæði. Einnig felst í breytingunni að gerð er tillaga um afmörkun 4 ha svæðis fyrir 9 lóða frístundabyggð á landi jarðarinnar Bala við Stafnes.


Iðnaðarsvæði og skólphreinsistöð


Fram kemur í lýsingu að áætlað er að reisa skólphreinsistöð fyrir fráveitu frá flugstöðvarsvæði Keflavíkurflugvallar. Einnig kemur fram að ný útrás fyrir fráveitu frá skólphreinsistöð og út í sjó er áætluð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi í skipulagsbreytingu upplýsingar um fjarlægð skólphreinsistöðvar frá ströndinni sem er hverfisvernduð, magn skólps í persónueiningum sem hreinsa á og hvernig gert er ráð fyrir að hreinsun verði háttáð.

Umhverfisstofnun tekur undir að breytingartillagan fellur undir lög nr. 106/2000 m.s.breytingum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 17. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skal áætlun um fráveitu samþykkt af heilbrigðisnefnd.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um umfjöllun umhverfisáhrifa breytingarinnar og gerir ekki frekari athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymistjóri